



2023-  
2028

# Safnastefna 2023-2028.docx



Byggðasafn Vestfjarða

2023



## Yfirlit

Húsnæðismál safnsins .....	3
Söfnunarstefna .....	4
Söfnunarsvæði .....	4
Aðföng .....	4
Skráning .....	5
Lán á safngripum .....	5
Grisjun .....	5
Ráðgjöf.....	5
Fræðslustefna .....	5
Söfnunarsvið .....	6
Starfsemin.....	7
1. Safnasvæðið í Neðstakaupstað .....	7
2. Bátasafnið .....	7
3. Bárðarslippur .....	7
4. Vélsmiðja Guðmundar J. Sigurðssonar á Þingeyri.....	7
5. Harmonikusafn Ásgeirs S. Sigurðssonar.....	8
6. Sýningar .....	8
7. Samstarfsverkefni .....	8
Lokaorð .....	9

## Safnastefna Byggðasafns Vestfjarða 2023-2028

Stefna safnsins er endurskoðuð á fimm ára fresti. Þótt engra sviptinga sé að vænta í stefnu safnsins er nauðsynlegt að endurskoða áætlanir þess og sníða af vankanta, um leið og lagðar eru nýjar áherslur sem falla að meginstefnu safnsins. Jafnframt er nauðsynlegt að skoða breytingar á starfsemi nálægra safna og setra og taka tillit til þeirra, ef þörf er á. Höfð er hliðsjón gildandi safnalögum nr. 148/2011, sem tóku gildi 1 janúar 2013.

## Húsnæðismál safnsins

Byggðasafn Vestfjarða var í upphafi með sýningaraðstöðu á lofti sundhallarinnar á Ísafirði. Það húsnæði þótti vel viðunandi á sínum tíma, allnokkuð stórt, en kröfurnar hafa aukist svo að það þótti að lokum óhæft, og uppfyllti engan veginn þær kröfur sem nú eru gerðar til slíks húsnæðis. Það fór því svo að því var lokað árið 1986. Árið 1988 flutti svo Byggðasafnið sjóminjadeild sína í Turnhúsið í Neðstakaupstað, en síðustu ár hefur verið unnið í að breyta þar sýningum. Árið 2004 reis fyrsti áfangi í byggingu nýs safnhúss, ágætt varðveislu húsnæði, sem er er í notkun þó eitthvað sé ábótavant með frágang á loftræstikerfi og öðru minniháttar en húsnæðið sjálft er nú þegar farið að krefjast viðhalds ef nýtast á sem skyldi. Óvíst er hvenær hafist verður handa við næsta áfanga. Þ.e. sjálft sýningarhúsnæðið, sem fyrirhugað hefur verið í nokkurn tíma að reisa á grunni við varðveislu húsnæðið. Slíkt framkvæmd er stórt og dýrt verkefni, en von er um að það sé á döfinni á allra næstu árum. Verulega er farið að þrengja að möguleikum safnsins til að vaxa og dafna og taka þátt í þeirri starfsemi og vinnu sem krafist er af viðurkenndum söfnum á Íslandi.

Aðalvarðveisluhúsnæðisafnsins er í húsinu sem reist var árið 2004 og er meðal starfsmanna kallað "Jónshús" í Neðstakaupstað og í smiðjunni í Neðsta. Mjög er farið að þrengja að safninu með varðveislu fyrir stærri muni safnsins. Hugmyndir eru uppi um sameiginlegt varðveislu húsnæði fyrir söfnin í Ísafjarðarbæ og nágrenni, þ.e. listasafn, skjalasafn, ljósmyndasafn og byggðasafn og verið er að vinna að lausn.

Þá er safninu farið að vanta sárlega rými sem er sérsniðið fyrir báta svo unnt sé að sinna viðhaldi á þeim bátum sem safnið hefur til varðveislu jöfnum höndum. Markmiðið er að horfa til frekari uppbyggingar í Neðstakaupstað með að gera bátunum betri skil sem hluta af sýningu safnsins þar sem umhverfið býður upp á þann möguleika að hafa bæði safnkost utan- sem innandyra.

## Söfnunarstefna

Hlutverk Byggðasafns Vestfjarða er að gera skil á mannlífssögu á norðanverðum Vestfjörðum hvort sem er til sjávar eða sveita og sýna þá efnismenningu og breytingar á lífs og lifnaðarháttum fólks. Það gerir safnið með því að varðveita, rannsaka og sýna, gripi og aðrar minjar því tengdu og útbúa fróðleik og gögn til sýningarhalds. Byggðasafn Vestfjarða safnar minjum sem gefa glöggva mynd af sögu, þjóðlífi og náttúru héraðsins. Flest öll skjöl sem berast til Byggðasafnsins eru falin Héraðsskjalasafninu Ísafirði til varðveislu, og flest allar ljósmyndir sem berast Byggðasafninu eru falin Ljósmyndasafninu á Ísafirði til varðveislu nema um annað sé tilgreint af afhendingaraðilum.

## Söfnunarsvæði

Söfnunarsvæði Byggðasafns Vestfjarða eru Ísafjarðarsýslur, eða Ísafjarðarbær, Bolungarvík og Súðavík, eins og það ákvarðast að stjórnarfars- og landfræðilega af sýslumörkum, og svo fremi að það skarist ekki við söfnunarsvæði annarra safna. Auk þess tekur það, við sérstakar aðstæður, við munum úr öðrum héruðum. Algengt er að taka við munum sem eiga sér tengingu við búsetusögu fólks, munum sem tengjast Vestfjörðum á þann hátt að þeir hafa einhver einkenni eða eru einkennandi fyrir búsetusögu hér á svæðinu og/eða hafa verið í eigu einstaklinga sem hafa sterkar tengingar á söfnunarsvæðið.

## Aðföng

Söfnun náttúru- og menningarminja fylgir ábyrgð sem Byggðasafn Vestfjarða skal rækja sem best á hverjum tíma. Til grundvallar við meðferð muna, aðföng þeirra og grisjun skal fylgja siðareglum Alþjóðaráðs safna, International Council of Museums (ICOM). Í fyrirrúmi skal höfð nærgætni og virðing fyrir safnmunum og fyrri eigendum þeirra.

Tekið er á móti munum og metið hvort þeir; falli að söfnunarstefnu safnsins, séu sýningarhæfir eða hafi gildi til rannsókna. Kvittun er gefin við afhendingu safngrips, undirrituð af þeim er afhendir eða starfsmanni safnsins.

Þegar safninu berast gripir, skulu viðeigandi upplýsingar skráðar með tilliti til varðveislu. Hver sé gefandi, hvaðan gripurinn kemur og aðrar nothæfar upplýsingar sem krafist er á afhendingarskjali safnsins. Þegar tekið er við grip skal hann ef við á; hreinsaður, skráður og búið um hann til varðveislu á þeim stað sem við á. Starfsmenn safnsins, skulu ráðfæra sig við forverði Þjóðminjasafns Íslands og ber að gera það undantekningarlaust ef vafaatriði koma upp um forvörslu eða lagfæringu á safngrip. Ef safnið getur ekki varðveitt grip í þeim húsakynnum sem það hefur yfir að ráða, skal afþakka hann, benda á annað safn eða koma honum fyrir á öruggum stað, með sérstökum skriflegum samningi, þar til safnið getur tekið hann í sína vörslu. Allar líkur eru á að safnið þurfi á næstu árum að hafna auknum fjölda muna sem berast til varðveislu, einfaldlega vegna plássleysis, og að ennfremur þurfi að grisja núverandi safnkost enn frekar. Ekki skal að jafnaði taka við munum sem á einhvern hátt fylgja sérstök skilyrði eða kvaðir.

## Skráning

Hver safngripur skal skráður í kerfi Byggðasafnsins og myndaður við móttöku. Síðar skal hann skráður í gagnagrunninn SARP svo fljótt sem auðið er og tekin mynd þannig að fari saman við skráningu í SARP. Skráning muna skal vera ítarleg (smáatriði tilgreind, sem tekur til útlits og einkenna) sjá efnisatriði í SARP, og faglega unnin.

## Lán á safngripum

Byggðasafn Vestfjarða skal leitast við að vera í góðu samstarfi við þá sem óska eftir láni á safngripum. Aðbúnaður og meðferð gripa sem lánaðir eru skal þó ætíð höfð í fyrirrúmi. Lánþegi undirritar þar til gerðan lánssamning. Byggðasafn Vestfjarða getur einnig óskað eftir munum að láni, bæði frá öðrum söfnum sem og stofnunum, fyrirtækjum og einstaklingum. Mikilvægt er að samstarf sé öllum aðilum til hagsbóta. Safnvörður ákveður hvort og hvenær má lána gripi.

## Grisjun

Meginreglan er sú að ef tekið hefur verið við grip til varðveislu þá skal hann verða hluti af safnkosti um ókomna tíð. Þó getur við sérstakar aðstæður þurft að grisja safnkost og skal það þá gert í samræmi við þau lög og reglur sem gilda á hverjum tíma. Sjá frekar í grisjunarstefnu safnsins frá 2026.

## Ráðgjöf

Byggðasafn Vestfjarða veitir ýmsa faglega ráðgjöf t.d. til einstaklinga, félagasamtaka og þeirra aðila sem eftir því leita.

## Fræðslustefna

Reynt verður að hvetja til safnheimsókna nemenda á öllum aldurskeiðum og lögð áhersla á að vekja athygli á möguleikum skólanna að nýta sér safnið við hinar ýmsu rannsóknir innan og utan skólastofunnar. Með sýningum safnsins er lögð áhersla á að fræða fólk um ýmsa þætti mannlífs fyrr á tímum. Þannig er sýningargestum gert kleift að skyggjast inn í sögu þjóðarinnar, og leggja mat á fortíð og samtíð og víkka sjóndeildarhringinn, hvort sem horft er til fortíðar eða framtíðar. Á næstu árum er stefnt að því að efla tengsl skóla og Byggðasafns Vestfjarða eins og kostur er. *“Að fortíð skal hyggja, ef frumlegt skal byggja, án fræðslu þess liðna sést ei, hvað er nýtt.”*

## Söfnunarsvið

Hér fer á eftir upptalning á ýmsum flokkum muna með þeim fyrirvara að safnið áskilur sér rétt til að hafna gripum þó að þeir falli undir safnastefnu safnsins. Þar geta legið ýmsar ástæður að baki, s.s. ástand eða umfang gripsins o.þ.h.

- **Landbúnaður** - gömul áhöld og verkfæri, tengd bændasamfélaginu stærri verkfærum er beint til Landbúnaðarsafns Íslands.
- **Sjávarnytjar** - veiðarfæri, sjóklæðnaður, siglingatæki frá því fyrir 1970. Ekki er tekið við bátum nema í undantekningartilfellum.
- **Verslun** - munir sem eru eldri en frá árinu 1950 og tilheyra á einhvern hátt verslun og sögu verslunar á svæðinu.
- **Iðnaður** - munir tengdir verkiðnaði þar sem hægt er að sjá hvernig menn höguðu smíðum í heimahúsum og sýn á tæki og tól sem hafa verið á verkstæðum á upphafsárum iðnvæðingarinnar.
- **Heimilisiðnaður** - Safnað er tækjum og tólum sem því tengjast, tóskap, útskurði og öðrum heimilisiðnaði. Safnað er útskornum gripum, gull- og silfursmíðum og verkfærum sem tilheyra þeirri iðju. Textílum sem tengjast sérstökum viðfangsefnum.
- **Heimilishald** - heimilismunum í heildum og flestu sem varpar ljósi á heimilishald á vestfirskum heimilum á 19. og fram yfir miðja 20. öld. Safnið tekur við fatnaði eins og mögulegt er, einnig íslenskum búningum og skarti þeim tengdum.
- **Híbýlahættir** - innanstokksmunir frá liðnum öldum, þó sér í lagi handverksmunum.
- **Samgöngur** - munum sem tengjast ferðamáta á landi fyrir vélaöld s.s. skíði, skautar og sleðar.
- **Félagslíf** - munum sem tengjast félagsstarfi, íþróttastarfi, skemmtunum, tónlist og annarri dægradvöl.
- **Skólalald** - Safnað er munum og heimildum sem tengjast skólalaldi á svæðinu. Það er hvort sem það tengist námsefni og kennslu eða almennu félagslífi í skólunum.
- **Kirkjumunir** – safnað er minni gripum s.s. kaleikum, patínum, kertastjökum o.s.frv. sem hafa tilheyrt prestaköllum á norðanverðum Vestfjörðum. Stærri gripum er beint til Þjóðminjasafns Íslands.
- **Fjölskylduhættir** - munir sem tengjast tyllidögum og lifnaðarháttum fólks fyrr á öldum fram til ársins 1970, barnaleikföngum o.fl.
- **Lækningaminjar** - munir sem tengjast lækningum og aðhlyningu fólks á svæðinu, lækningaáhöld, gripir ljósmæðra ásamt heimildum og öðru því sem tengist óhefðbundum alþýðulækningum fyrr á tímum
- **Tækniminjar** - að öllu jöfnu tekur safnið ekki við tölum, prenturum o.þ.h. tæknibúnaði nema rík ástæða sé til og er það metið hverju sinni.
- **Myndlist** - myndlist sem safninu berst er komið í vörslu Listasafns Ísafjarðar.
- **Ljósmyndir** - ljósmyndum þeim sem safninu berast er komið í vörslu Ljósmyndasafnsins Ísafirði.
- **Skjöl** - skjölum þeim sem safninu berast er komið í vörslu Héraðsskjalasafns Ísafjarðar.

# Starfsemin

## 1. Safnasvæðið í Neðstakaupstað

Í gömlu húsapýrpingunni í Neðstakaupstað er aðalathafnasvæði safnsins og varðveislu og sýningarhúsnæði þess. Á svæðinu eru eftirtalin hús; Krambúðin frá 1757, Faktorshúsið frá 1765, Tjöruhúsið frá 1781 og Turnhúsið frá 1784. Sýningar safnsins eru hýstar í Turnhúsinu þar sem sjóminjadeild opnaði árið 1988. Á svæðinu fyrir utan er hluti af safnkosti safnsins, sem og fiskþurrkreitar þess. Á svæðinu er einnig matsölustaðurinn vinsæli Tjöruhúsið í samnefndu húsi. Reikna má með að á svæðið í Neðstakaupstað komi tugþúsundir manna á hverju sumri ef taldir eru þeir sem koma á safnið og þeir sem fara og fá sér að borða í Tjöruhúsinu.

## 2. Bátasafnið

Byggðasafnið á mikið safn báta og eru þeir í misjöfnu ástandi. Stefna safnsins er sú að allir bátar sem mögulegt er að gera sjóklára verði það innan áratugar og haldist slíkir á meðan þeir eru í eigu safnsins. Fimm vélbátar safnsins eru sjófærir að mestu með gangfæra vél og í góðu standi, þ.e. Hermóður, Jóhanna, Gestur, Eljan frá Nesi og Gunnar Sigurðsson. Á Þingeyri er unnið að endursmíði á trillunni Rán og í Hnífsdal hafa áhugasamir einstaklingar tekið að sér endursmíði á trillunni Stundvís sem er langt komin. Áfram verður haldið á sömu braut eftir því sem fjármagn leyfir. Óhjákvæmilegt er þó að endurskoða bátaeignina reglulega í heild sinni út frá möguleikum á endursmíði og hefur bátnum Jörundi þegar verið fargað með samþykki Þjóðminjasafns (2022).

## 3. Bárðarslippur

Bárðarslippur er elsta varðveitta dráttarbraut Íslendinga og var hann upphaflega reistur á Torfnesi á Ísafirði. Slippurinn var samstarfsverkefni Ísafjarðarkaupstaðar og Bárðar G. Tómassonar. Með samstarfinu varð til Skipabraut Ísafjarðar h.f. og voru hluthafar í upphafi Ísafjarðarkaupstaðar og allir eigendur ísfirskra fiskibáta. Hafist var handa við byggingu slippisins árið 1917 og fyrsta skipið dregið á land árið 1921. Marsellíus Bernharðsson kaupir slippinn af Bárði Tómassyni árið 1944 og rekur hann á Torfnesi fram til ársins 1970. Þá var ákveðið að byggja Menntaskóla þar sem slippurinn stóð og urðu málalyktir þær að slippurinn var færður á þann stað sem hann er nú. Hann hentar vel til upptöku á minni bátum og var nýttur sem slíkur. Fyrir nokkrum árum skemmdist sleðinn hjá leigutaka og hingað til hefur ekki fengist fjármagn í lagfæringar. Stefnt er á viðgerð þó ekki sé til annars en að hafa hann sem sýningargrip. Hluti af viðnum var fargað 2022 þar sem hann var orðinn ónýtur af fúa. Slippurinn er í eigu Ísafjarðarbæjar.

## 4. Vélsmiðja Guðmundar J. Sigurðssonar á Þingeyri

Á árinu 2013 var farið þess á leit við Byggðasafn Vestfjarða að það tæki að sér Vélsmiðju Guðmundar J. Sigurðssonar á Þingeyri. Það gekk eftir og sumarið 2014 var smiðjan opin á sama tíma og Byggðasafnið þ.e. frá kl 9-6 alla daga frá 15. maí – 15. september, og var einn starfsmaður Byggðasafnsins á staðnum sem veitti leiðsögn gestum og gangandi. Smiðjan er

mjög merkileg fyrir margra hluta sakir. Hún var stofnuð árið 1913 af Guðmundi J. Sigurðssyni og Gramsverslun, og er að nokkru leyti búin upprunalegum tækjum og búnaði sem enn er í góðu lagi. Í smiðjunni voru smíðaðir varahlutir í íslenska og erlenda báta í seinni heimsstyrjöldinni og síðar, þar var rennismíði og málmsteypa og laghentir menn sem smíðuðu allt milli himins og jarðar. Hlutu margir þeirra kennslu í iðninni af reyndari mönnum á staðnum. Smiðjan var starfandi allt til ársins 1995. Starfsemi fer enn fram þar annað slagið og er stefnt á að viðhalda því sem og vélsmiðjunni í því horfi sem hún er. Smiðjan er opin yfir sumartímann fáist starfsfólk. Mögulegt er að útvista opnun smiðjunnar yfir sumartímann með skilyrðum sem safnið setur um umgengni með tilliti til safngripa og húsnæðis.

## **5. Harmonikusafn Ásgeirs S. Sigurðssonar**

Árið 2008 afhentu hjónin Ásgeir S. Sigurðsson (f.21.11.1937 D. 20.04.2019) og Messíana Marsellíusdóttir (f. 18.05.1942 D. 24.03.2020) Byggðasafni Vestfjarða harmonikusafn Ásgeirs S. Sigurðssonar að gjöf. Þá taldi safnið 140 harmonikur af ýmsum stærðum og gerðum. Ákveðið var um leið að safnið yrði sérsafn innan Byggðasafns Vestfjarða. Strax fyrsta sumarið var hluti þeirra til sýnis í Turnhúsinu þar til breytingar voru gerðar á grunnsýningu safnsins árið 2017. Það hefur verið misjafnt hversu margar harmonikur hafa verið til sýnis en sumarið 2020 fékk safnið að leigu til skamms tíma húsnæði í Hafnarstræti á Ísafirði þar sem sjá mátti talsvert af safninu, því miður fékkst sú aðstaða ekki aftur. Heildarsafnið er þó aðgengilegt áhugasömum á varðveislusvæði í Jónshúsi og er þar harmonikunum raðað upp eftir númerum. Það bætist enn við í harmonikusafnið og eru harmonikurnar nú rúmlega 200 talsins. Talsvert er farið að þrengjast um aðstæður til varðveislur hljóðfæranna og tekur safnið ekki við harmonikum frá og með árinu 2023 nema í sérstökum undantekningum og skal það þá gert í samráði við sérfræðing/safnvörð og forstöðumann safnsins

## **6. Sýningar**

Reglulega er skipt um sýningu í Turnhúsinu þar sem ýmsum þáttum úr þjóðlífinu eru gerð skil. Byggðasafnið kemur auk þess að margskonar sýningum fyrir stofnanir og fyrirtæki ef óskað er eftir til kynningar á sögulegum bakgrunni, samfélagslegum viðburðum og tengingu við nútímann.

## **7. Samstarfsverkefni**

Safnið hefur verið í samstarfi við ýmsa aðila í gegnum tíðina, bæði hvað varðar sýningarhald og ekki síður hvað varðar fagleg málefni safna. Hér má nefna samband íslenskra sjóminjasafna, Maríu Júlíu BA, Safnahúsið á Ísafirði, Tónlistarskóla Ísafjarðar ofl.

## Lokaorð

Byggðasafn Vestfjarða er mikilvægur hluti af samfélagi sínu þar sem því ber að varðveita og kynna sögu Vestfjarða. Safnastefnu þessa skal hafa til hliðsjónar af starfi safnsins, bæði því sem snýr að innra starfi sem og því sem sýnilegra er almenningi. Fagleg vinnubrögð og skýrt mörkuð stefna er vænlegust til góðs árangurs og áframhaldandi uppbyggingar safnsins og umhverfi þess. Þó munu álitamál ætíð koma upp sem og breytingar á samfélagi eða öðru sem gera það að verkum að endurskoðun og gagnrýn hugsun á safnastefnunni skal höfð í fyrirrúmi.